

Þorkell Helgason

**Greining á úthlutun þingsæta
eftir alþingiskosningarnar 27. apríl 2013**

Unnið fyrir landskjörstjórn
haustið 2013

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
Kjósendur og úrslit	3
2. Kjósendur og þingsæti	3
3. Framboð og úrslit	7
4. Kosningaþátttaka, gildir og ógildir seðlar	10
5. Breyting á fylgi milli síðustu tvennra kosninga	11
Úthlutun þingsæta	13
6. Meginskipting þingsæta	13
7. Úthlutun kjördæmissæta	13
8. Úthlutun jöfnunarsæta	16
Greining á úthlutuninni	19
9. Samræmi þingstyrks og landsfylgis flokkanna	19
10. Atkvæði að baki einstökum sætum	19
11. Er vilji kjósenda virtur í kjördæmum og innan flokka?	21
12. Um gæði úthlutunaraðferða	23
13. Gæði úthlutunarinnar	24
Breytingar á úrslitum og aðferðum	26
14. Hvað ef atkvæðatölur hefðu verið aðrar?	26
15. Regla Sainte-Laguës í stað d'Hondts-reglu	28
16. Röðun eftir hlutföllum einum; landstölum sleppt	29
17. Forskotsregla	31
18. Samanburður á úthlutunarreglum	32
Röð frambjóðenda	34
19. Ákvæði um atkvæðatölu frambjóðenda	34
20. Atkvæðatala frambjóðenda	34

1. Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um úrslit kosninga til Alþingis sem fóru fram 27. apríl 2013, svo og um úthlutun þingsæta. Áður hafa birst greinargerðir af þessu tagi um þingkosningarnar 2003, 2007 og 2009 en þessar farnar þingkosningar byggjast á nýjum stjórnarskrár- og lagaákvæðum um kosningar til Alþingis frá síðustu aldamótum.¹

Greinargerðin fjallar fyrst og fremst um kosningaúrslit og greiningu á þeim. Grunnögn í þessum efnum eru skýrslur landskjörstjórnar um sundurliðuð úrslit kosninganna (sjá <http://www.landskjor.is/kosningamal/althingiskosningar-althingiskosningar-2013/>). Jafnframt er hér tekið tillit til úrskurðar kjörbréfanefndar Alþingis um ágreiningsatkvæði, en með honum voru 28 kjörseðlar sem yfirkjörstjórnir höfðu metið ógilda úrskurðaðir gildir. Upplýsingar um endanlegar atkvæðatölur er að finna í Handbók Alþingis 2013. Upplýsingar um kosningaþátttöku er bæði að finna í fyrrgreindri skýrslu landskjörstjórnar svo og á vef Hagstofunnar (sjá <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Kosningar/Althingiskosningar>).

¹ Greinargerð þessi er hliðstæð greiningu á úthlutun þingsæta við alþingiskosningarnar 10. maí 2003, 12. maí 2007 og 25. apríl 2009 sem allar má finna á veffanginu <http://www.landskjor.is>. Hver þessara greinargerða er sjálfstæð og er því ekki nauðsynlegt að hafa lesið hinar fyrri til að skilja þá nýjustu en fróðlegt kann að vera að bera saman tölulegar niðurstöður.

Kjósendur og úrslit

2. Kjósendur og þingsæti

Kjördæmi og þingsæti við alþingiskosningarnar 27. apríl 2013 voru sem segir í 1. töflu, en þar og framvegis í greinargerðinni er jafnframt vísað í ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

1. tafla. Þingsæti við kosningarnar 2013, skv. 8. og 9. gr.			
	Kjördæmis- sæti, skv. 2. mgr. 8. gr.	Jöfnunar- sæti, skv. 2. mgr. 8. gr.	Heildartala sæta, skv. 1. mgr. 8. gr.
Norðvesturkjördæmi	7	1	8
Norðausturkjördæmi	9	1	10
Suðurkjördæmi	9	1	10
Suðvesturkjördæmi	11	2	13
Reykjavíkurborg	9	2	11
Reykjavíkurborg norður	9	2	11
Samtals	54	9	63

Í 2. töflu er heildaryfirlit yfir tölu kjósenda að baki hverju þingsæti í kosningum frá og með 2003.² Kosningar 2003 voru þær fyrstu eftir gildistöku nýrra kosningalaga og byggðist því skipting þingsæta milli kjördæma þá á þeirri grunnskiptingu sem tilgreind er í 2. mgr. 8. gr. þeirra laga. Eins og fram kemur í 2. töflu varð hlutfall kjósenda að baki þingsæta í Norðvesturkjördæmi meira en tvöfalt það sem varð í Suðvesturkjördæmi. Strax í kjölfar kosninganna 2003 bar því að flytja þingsæti frá fyrrnefnda kjördæminu til hins síðarnefnda. Sú skipting gildi í kosningunum 2007 og þar sem hlutfallið hélst innan markanna 2:1 (varð 1,938) í þeim kosningum var skipting þingsæta sú sama 2009 og 2007. Aftur á móti varð tilefni til færslu enn eins sætis í kjölfar kosninganna 2009, sbr. ákvörðun landskjörstjórnar 4. maí 2009 sem auglýst var 6. maí sama ár í B-deild Stjórnartíðinda nr. 433/2009.

² Kjörskrártölum landskjörstjórnar og Hagstofunnar ber ekki ætíð saman. Eftir að yfirkjörstjórnir hafa skilað landskjörstjórn kjörskrártölum fær Hagstofan sundurliðaðri upplýsingar frá einstökum sveitarfélögum og koma þá einnig í ljós einhverjar skekkjur. Gengið út frá tölum Hagstofunnar enda þótt þær hafi ekki fengið formlega afgreiðslu hjá yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn. Þessar tölur liggja þó ekki fyrir um kosningarnar 2013 og er þá stuðst við tölur frá landskjörstjórn.

2. tafla, 1. hluti.		Kjósendur á kjörskrá og að baki hverju þingsæti.									
Kjördæmi, raðað eftir hækkandi tölu kjósenda 2003:	Alþingiskosningar 2003					Alþingiskosningar 2007					
	Kjós- endur á kjörskrá	Þing- sæti, skv. 8. gr.	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti		Kjós- endur á kjörskrá	Þing- sæti, skv. 8. gr.	Færð sæti	Þing- sæti í kosn- ing- um	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti
	Norðvesturkj.d.	21.247	10	2.125	100,0%	21.126	10	-1	9	2.347	100,0%
	Norðausturkj.d.	27.298	10	2.730	128,5%	27.881	10		10	2.788	118,8%
	Suðurkjördæmi	28.344	10	2.834	133,4%	30.592	10		10	3.059	130,3%
	Reykjavík suður	42.761	11	3.887	183,0%	43.756	11		11	3.978	169,5%
	Reykjavík	42.812	11	3.892	183,2%	43.391	11		11	3.945	168,0%
	Suðvesturkj.d.	48.842	11	4.440	209,0%	54.584	11	1	12	4.549	193,8%
	Allt landið	211.304	63	3.354		221.330	63		63	3.513	
			Hámark	4.440						Hámark	4.549
		Lágmark	2.125						Lágmark	2.347	
		Hlutfall	2,090						Hlutfall	1,938	

2. tafla, 2. hluti.		Kjósendur á kjörskrá og að baki hverju þingsæti.									
Kjördæmi, raðað eftir hækkandi tölu kjósenda 2003:	Alþingiskosningar 2009										
	Eitt sæti flutt						Tvö sæti flutt				
	Kjós- endur á kjörskrá	Þing- sæti, skv. 8. gr.	Færð sæti	Þing- sæti í kosn- ing- um	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti	Færð sæti	Þing- sæti í kosn- ing- um	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti	
	Norðvesturkj.d.	21.293	10	-1	9	2.366	100,0%	-2	8	2.662	100,0%
	Norðausturkj.d.	28.352	10		10	2.835	119,8%		10	2.835	106,5%
	Suðurkjördæmi	32.482	10		10	3.248	137,3%		10	3.248	122,0%
Reykjavík suður	43.747	11		11	3.977	168,1%		11	3.977	149,4%	
Reykjavík norður	43.767	11		11	3.979	168,2%		11	3.979	149,5%	
Suðvesturkj.d.	58.202	11	1	12	4.850	205,0%	2	13	4.477	168,2%	
Allt landið	227.843	63		63	3.617			63	3.617		
				Hámark	4.850			Hámark	4.477		
				Lágmark	2.366			Lágmark	2.662		
				Hlutfall	2,050			Hlutfall	1,682		

2. tafla, 3. hluti.		Kjósendur á kjörskrá og að baki hverju þingsæti.									
Kjördæmi, raðað eftir hækkandi tölu kjósenda 2003:	Alþingiskosningar 2013										
	Eitt sæti flutt						Tvö sæti flutt				
	Kjós- endur á kjörskrá	Þing- sæti, skv. 8. gr.	Færð sæti	Þing- sæti í kosn- ing- um	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti	Færð sæti	Þing- sæti í kosn- ing- um	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti	
	Norðvesturkj.d.	21.318	10	-1	9	2.369	100,0%	-2	8	2.665	100,0%
	Norðausturkj.d.	29.035	10		10	2.904	122,6%		10	2.904	109,0%
Suðurkjördæmi	33.633	10		10	3.363	142,0%		10	3.363	126,2%	
Reykjavík suður	45.189	11		11	4.108	173,4%		11	4.108	154,2%	
Reykjavík norður	45.529	11		11	4.139	174,7%		11	4.139	155,3%	
Suðvesturkj.d.	63.125	11	1	12	5.260	222,1%	2	13	4.856	182,2%	
Allt landið	237.829	63		63	3.775			63	3.775		
				Hámark	5.260			Hámark	4.856		
				Lágmark	2.369			Lágmark	2.665		
				Hlutfall	2,221			Hlutfall	1,822		


2. tafla, 4. hluti.		Kjósendur á kjörskrá og að baki hverju þingsæti.			
Kjördæmi, raðað eftir hækkandi tölu kjósenda 2003:	Alþingiskosningar 2017?				
	Hugsan- leg tala kjósenda	Þing- sæti	Kjós- endur að baki þing- sæti	Hlutfall kjósenda að baki þingsæti	
	Norðvesturkj.d.	21.343	8	2.668	100,0%
	Norðausturkj.d.	29.718	10	2.972	111,4%
	Suðurkjördæmi	34.784	10	3.478	130,4%
	Reykjavíkurbkj.d. suður	46.631	11	4.239	158,9%
	Reykjavíkurbkj.d. norður	47.291	11	4.299	161,1%
	Suðvesturkj.d.	68.048	13	5.234	196,2%
	Allt landið	247.815	63	3.934	
			Hámark	5.234	
		Lágmark	2.668		
		Hlutfall	1,962		

Eins og fram kemur í 3. hluta 2. töflu var skipting kjósenda á kjörskrá í kosningunum 2013 eftir kjördæmum slík að ekki er tilefni til frekari tilflutnings sæta fyrir næstu kosningar sem verða að öllu óbreyttu vorið 2017. Um þetta hefur landskjörstjórn birt tilkynningu á vefsíðu sinni svo og auglýsingu 8. maí 2013 í B-deild Stjórnartíðinda nr. 439/2013.

Í 4. hluta 2. töflu er rýnt í það hvað kann að gerast ef misvægisgjáin milli kjördæmanna heldur áfram að gliðna. Gengið er út frá því að sama breyting verði árlega á tölu

kjósenda í hverju kjördæmi á árabílinu 2013 til 2017 og varð tímabilið 2009 til 2013. Verði raunin sú mun misvægið haldast innan markanna 2:1. Því yrði ekki tilefni eftir næstu kosningar til að breyta skiptingu þingsæta frá því sem nú er – að óbreyttum kosningalögum.

Upplýsingar um misvægi eftir kjördæmum í kosningum á þessari öld, þar með talið 2017 ef svo fer fram sem horfir, eru bornar saman myndrænt á 1. mynd.



3. Framboð og úrslit

Ellefu stjórnmalasamtök buðu fram í öllum kjördæmum og hafa svo mörg samtök ekki verið í boði á landsvísu frá því að listakjör varð að meginreglu, sem varð með haustkosningunum 1959. Auk þessa voru fjögur staðbundin framboð í þetta sinn. Atkvæði í kosningunum féllu sem segir í 3. töflu.^{3 4}

3. tafla. Atkvæðatölur.																
	Björt framtið	Fram- sóknar- flokkur	Sjálf- stæðis- flokkur	Hægri- grænir	Húman- ista- flokkur- inn	Flokkur heimil- anna	Regn- boginn	Sturla Jóns- son, K-listi	Lýð- ræðis- vaktin	Lands- byggð- ar- flokk- urinn	Alþýðu- fylking- in	Sam- fylking- in	Dögun	Vinstri- grænir	Píratar	Gild atkvæði alls
Listabókstafur samtaka:	A	B	D	G	H	I	J	K	L	M	R	S	T	V	Þ	Samtals
Norðvesturkjördæmi	792	6.104	4.282	208		161	774		251	326		2.122	328	1.470	537	17.355
Norðausturkjördæmi	1.537	8.173	5.327	296		241	306		313			2.505	460	3.733	716	23.607
Suðurkjördæmi	1.202	9.265	7.596	703		786	412		431			2.734	904	1.582	1.269	26.884
Suðvesturkjördæmi	4.687	10.944	15.608	925		1.838	188		1.241			6.932	1.927	3.995	2.541	50.826
Reykjavíkurbj. suður	3.790	5.931	9.466	575	55	1.394	161	222	1.025		54	5.007	1.163	4.279	2.179	35.301
Reykjavíkurbj. norður	3.576	5.759	8.187	556	71	1.289	181		1.398		64	4.996	1.073	5.493	2.407	35.050
Atkvæði alls	15.584	46.176	50.466	3.263	126	5.709	2.022	222	4.659	326	118	24.296	5.855	20.552	9.649	189.023

Hlutfallsleg skipting atkvæða innan kjördæma kemur fram í 4. töflu.

³ Kjörbréfanefnd Alþingis ályktaði á fundi sínum á þingsetningardegi 6. júní 2013 að 28 atkvæði sem yfirkjörstjórnir höfðu úrskurðað ógild skyldu teljast gild. Þessi atkvæði eru hér meðtalin eins og fyrr segir.

⁴ Frá og með þessari töflu er ekki tekið fram að þær vísa ávallt til þingkosninganna 2013 nema annað sé tekið fram.

4. tafla. Hlutfallsleg skipting gildra atkvæða eftir kjördæmum.																
Listabókstafur samtaka:	A	B	D	G	H	I	J	K	L	M	R	S	T	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	4,56%	35,17%	24,67%	1,20%		0,93%	4,46%		1,45%	1,88%		12,23%	1,89%	8,47%	3,09%	100,00%
Norðausturkjördæmi	6,51%	34,62%	22,57%	1,25%		1,02%	1,30%		1,33%			10,61%	1,95%	15,81%	3,03%	100,00%
Suðurkjördæmi	4,47%	34,46%	28,25%	2,61%		2,92%	1,53%		1,60%			10,17%	3,36%	5,88%	4,72%	100,00%
Suðvesturkjördæmi	9,22%	21,53%	30,71%	1,82%		3,62%	0,37%		2,44%			13,64%	3,79%	7,86%	5,00%	100,00%
Reykjavíkurbld. suður	10,74%	16,80%	26,82%	1,63%	0,16%	3,95%	0,46%	0,63%	2,90%		0,15%	14,18%	3,29%	12,12%	6,17%	100,00%
Reykjavíkurbld. norður	10,20%	16,43%	23,36%	1,59%	0,20%	3,68%	0,52%		3,99%		0,18%	14,25%	3,06%	15,67%	6,87%	100,00%
Landið allt	8,24%	24,43%	26,70%	1,73%	0,07%	3,02%	1,07%	0,12%	2,46%	0,17%	0,06%	12,85%	3,10%	10,87%	5,10%	100,00%

Í 5. töflu er horft öðrum augum á hlutfallslega skiptingu atkvæða. Þar er varpað ljósi á það hvort fylgi hvers flokks skiptist hlutfallslega jafnt á milli kjördæma eða ekki. Þetta verður best skýrt með dæmi. Taka má fyrstu töluna, hjá A-lista í Norðvesturkjördæmi, sem dæmi. Hún sýnir 55%. Það merkir að listinn nær einungis 55% af hlutfallslegu fylgi flokksins, *Bjartrar framtíðar*, á landinu öllu. Aftur á móti er þessi tala A-listans í Reykjavíkurbld. suður 130%, þ.e. listinn þar hefur 30% meira staðbundið fylgi en svarar til landsfylgisins.

Í neðstu línu töflunnar er heildarmæling á því hve ójöfn dreifingin er milli kjördæma innan hvers flokks. Reiknað er meðalfrávikid (upp eða niður) hjá hverjum kjördæmislista viðkomandi flokks, en þó vegið eftir stærð kjördæmisins sem er mæld með tölu gildra atkvæða. Ekki má leggja of mikið upp úr þessum gildum nema til samanburðar milli flokka. Þannig má sjá að fylgi D og S skiptist hvað jafnast á milli kjördæma. En af þeim flokkum sem ná mönnum á þing (sjá síðar) eru mestar fylgissveiflur milli kjördæma hjá V (hér mælt sem 32%).

Þessar upplýsingar eru næsta marklausar hjá þeim flokkum sem aðeins bjóða fram í einu eða tveimur kjördæmum og er þeim því sleppt í töflunni.

5. tafla. Hlutfallslegs frávík í fylgi hvers lista frá landsfylgi viðkomandi flokks.															
Listabókstafur samtaka:	A	B	D	G		I	J		L			S	T	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	55%	144%	92%	69%		31%	417%		59%			95%	61%	78%	61%
Norðausturkjördæmi	79%	142%	85%	73%		34%	121%		54%			83%	63%	145%	59%
Suðurkjördæmi	54%	141%	106%	151%		97%	143%		65%			79%	109%	54%	92%
Suðvesturkjördæmi	112%	88%	115%	105%		120%	35%		99%			106%	122%	72%	98%
Reykjavíkurbld. suður	130%	69%	100%	94%		131%	43%		118%			110%	106%	112%	121%
Reykjavíkurbld. norður	124%	67%	87%	92%		122%	48%		162%			111%	99%	144%	135%
Vegið meðalfrávík	26%	30%	10%	18%		30%	76%		30%			11%	17%	32%	21%

4. Kosningaþátttaka, gildir og ógildir seðlar

Í 6. töflu sést hve margir voru á kjörskrá, hver margir kusu og hve margir seðlar voru auðir og ógildir.⁵

6. tafla. Kjósendur og greidd atkvæði.						
	Kjósendur á kjörskrá	Greidd atkvæði	Gildir seðlar	Auðir seðlar og ógildir	þar af auðir seðlar	þar af aðrir ógildir seðlar
Norðvesturkjördæmi	21.318	17.825	17.355	470	432	38
Norðausturkjördæmi	29.035	24.227	23.607	620	569	51
Suðurkjördæmi	33.633	27.531	26.884	647	564	83
Suðvesturkjördæmi	63.125	52.048	50.826	1.222	1.091	131
Reykjavíkurborg	45.189	36.228	35.301	927	794	133
Reykjavíkurborg norður	45.529	35.963	35.050	913	767	146
Landið allt	237.829	193.822	189.023	4.799	4.217	582


Og í 7. töflu eru þessar upplýsingar gerðar hlutfallslegar.

7. tafla. Hlutfallstölur um kjósendur og greidd atkvæði.					
	Kosningaþátttaka	Gildir seðlar sem hlutfall af greiddum	Auðir og ógildir seðlar sem hlutfall af greiddum	þar af auðir seðlar	þar af aðrir ógildir seðlar
Norðvesturkjördæmi	83,6%	97,4%	2,6%	2,4%	0,2%
Norðausturkjördæmi	83,4%	97,4%	2,6%	2,3%	0,2%
Suðurkjördæmi	81,9%	97,6%	2,4%	2,0%	0,3%
Suðvesturkjördæmi	82,5%	97,7%	2,3%	2,1%	0,3%
Reykjavíkurborg	80,2%	97,4%	2,6%	2,2%	0,4%
Reykjavíkurborg norður	79,0%	97,4%	2,6%	2,1%	0,5%
Landið allt	81,5%	97,5%	2,5%	2,2%	0,3%

Kosningaþátttaka er góð að íslenskri venju, sýnu mest í Norðvesturkjördæmi, en undir landsmeðaltali í Reykjavíkurborgunum. Óverulegur munur er á auðum seðlum og ógildum eftir kjördæmum.

Á 2. mynd er til fróðleiks sýnt hver kjörsókn hefur verið í kosningum til Alþingis allt frá 1874.

⁵ Aftur skal bent á að tekið er tillit til þeirra 28 atkvæða sem kjörbréfanefnd Alþingis ályktaði að skyldu teljast gild.



5. Breyting á fylgi milli síðustu tvennra kosninga

Ekki er hægt að svara því alfarið hvaða breytingar hafa orðið á fylgi flokka og lista þeirra frá síðustu kosningum, þ.e. frá 2009, sakir mikilla breytinga á framboðslistum. Atkvæðahlutföll þeirra sem buðu fram bæði 2009 og 2013 eru sýnd í tveimur efri bálkum 8. töflu.

8. tafla. Samanburður á atkvæðafylgi 2009 og 2013.					
Fylgið 2009	B	D	S	V	Þessir flokkar alls
Norðvesturkjördæmi	22,5%	22,9%	22,7%	22,8%	91,0%
Norðausturkjördæmi	25,3%	17,5%	22,7%	29,7%	95,1%
Suðurkjördæmi	20,0%	26,2%	28,0%	17,1%	91,3%
Suðvesturkjördæmi	11,6%	27,6%	32,2%	17,4%	88,8%
Reykjavíkurborg suður	9,7%	23,2%	32,9%	22,9%	88,7%
Reykjavíkurborg norður	9,6%	21,4%	32,9%	24,0%	87,9%
Landið allt	14,8%	23,7%	29,8%	21,7%	90,0%
Fylgið 2013	B	D	S	V	Þessir flokkar alls
Norðvesturkjördæmi	35,2%	24,7%	12,2%	8,5%	80,5%
Norðausturkjördæmi	34,6%	22,6%	10,6%	15,8%	83,6%
Suðurkjördæmi	34,5%	28,3%	10,2%	5,9%	78,8%
Suðvesturkjördæmi	21,5%	30,7%	13,6%	7,9%	73,7%
Reykjavíkurborg suður	16,8%	26,8%	14,2%	12,1%	69,9%
Reykjavíkurborg norður	16,4%	23,4%	14,3%	15,7%	69,7%
Landið allt	24,4%	26,7%	12,9%	10,9%	74,9%
Hlutfallsleg breyting frá 2009 til 2013	B	D	S	V	Þessir flokkar alls
Norðvesturkjördæmi	56,1%	7,6%	-46,2%	-62,9%	-11,5%
Norðausturkjördæmi	37,0%	29,3%	-53,3%	-46,7%	-12,1%
Suðurkjördæmi	72,4%	7,7%	-63,6%	-65,6%	-13,7%
Suðvesturkjördæmi	86,4%	11,1%	-57,6%	-54,8%	-16,9%
Reykjavíkurborg suður	73,3%	15,7%	-56,9%	-47,0%	-21,2%
Reykjavíkurborg norður	71,1%	9,2%	-56,7%	-34,7%	-20,7%
Landið allt	65,1%	12,6%	-56,8%	-49,9%	-16,8%

Í neðsta bálkni töflunnar eru fylgishlutföllin í báðum kosningunum, 2009 og 2013, borin saman. Þá er búið að eyða áhrifum af breytingu á tölu kjósenda eftir kjördæmum svo og af breytingu á kosningabátttöku. Svo að dæmi sé tekið var hlutdeild B-lista í Norðvesturkjördæmi 35,2% af gildum atkvæðum 2013 en 22,5% 2009. Hlutdeildin jókst því um um 56,1% eins og lesa má í neðsta bálkinum. Síðasti dálkurinn er einkar athyglisverður. Þar má sjá að fylgi þessara hefðbundnu fjögurra flokka í heild dregst alls staðar saman, úr því að vera slétt 90% yfir landið allt í kosningunum 2009 í það að falla niður í $\frac{3}{4}$ -hluta, eða minnka hlutfallslega um 16,8%. Athyglisvert er að fylgisrýrnun „fjórflökksins“, sem svo er stundum nefndur, er mest í Reykjavík.

Úthlutun þingsæta

6. Meginskipting þingsæta

Úthlutun þingsæta fer fram í tveimur meginskrefum. Fyrst er kjördæmissætum úthlutað og þá einvörðungu á grundvelli fylgis listanna í hverju kjördæmi. Síðan er jöfnunarsætum skipt á milli flokka og um leið ráðstafað til lista í einstökum kjördæmum.

7. Úthlutun kjördæmissæta

Kjördæmissætum er úthlutað með reglu d'Hondts.⁶ Í 9. töflu er úthlutun kjördæmissæta sýnd í smáatriðum og er þá tekið dæmi um eitt kjördæmanna, Norðvesturkjördæmi.⁷

⁶ Reglu d'Hondts og upphafi hlutfallskosninga hér á landi er lýst í greiningu á kosningunum 2003; sjá <http://www.landskjar.is/kosningamal/althingiskosningar>

⁷ Úthlutunina í öðrum kjördæmum má sjá á vefsíðunni <https://landskjar.is/kosningamal/althingiskosningar-/althingiskosningar-2013/>

9. tafla. Úthlutun kjördæmissæta í Norðvesturkjördæmi.												
Listabókstafur:	A	B	D	G	I	J	L	M	S	T	V	Þ
Atkvæði	792	6.104	4.282	208	161	774	251	326	2.122	328	1.470	537
Atkvæðatölum deilt með 1, 2, 3, 4 o.s.frv., sbr. 1. og 2. tölul. 107. gr.												
	A	B	D	G	I	J	L	M	S	T	V	Þ
Deilt með 1	792,0	6.104,0	4.282,0	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
Deilt með 2	396,0	3.052,0	2.141,0	104,0	80,5	387,0	125,5	163,0	1.061,0	164,0	735,0	268,5
Deilt með 3	264,0	2.034,7	1.427,3	69,3	53,7	258,0	83,7	108,7	707,3	109,3	490,0	179,0
Deilt með 4	198,0	1.526,0	1.070,5	52,0	40,3	193,5	62,8	81,5	530,5	82,0	367,5	134,3
Deilt með 5	158,4	1.220,8	856,4	41,6	32,2	154,8	50,2	65,2	424,4	65,6	294,0	107,4
Deilt með 6	132,0	1.017,3	713,7	34,7	26,8	129,0	41,8	54,3	353,7	54,7	245,0	89,5
Deilt með 7	113,1	872,0	611,7	29,7	23,0	110,6	35,9	46,6	303,1	46,9	210,0	76,7
Hæstu útkomutölur hvers lista á undan hverri úthlutun; sú tala sem er hæst þegar komið er að viðkomandi úthlutun er feitletruð og ræður úthlutuninni í það sæti.												
	A	B	D	G	I	J	L	M	S	T	V	Þ
1. sæti	792,0	6.104,0	4.282,0	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
2. sæti	792,0	3.052,0	4.282,0	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
3. sæti	792,0	3.052,0	2.141,0	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
4. sæti	792,0	2.034,7	2.141,0	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
5. sæti	792,0	2.034,7	1.427,3	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	2.122,0	328,0	1.470,0	537,0
6. sæti	792,0	2.034,7	1.427,3	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	1.061,0	328,0	1.470,0	537,0
7. sæti	792,0	1.526,0	1.427,3	208,0	161,0	774,0	251,0	326,0	1.061,0	328,0	1.470,0	537,0
	A	B	D	G	I	J	L	M	S	T	V	Þ
Kjördæmissæti alls		4	2						1			

Heildarúthlutun kjördæmissæta er dregin saman í 10. töflu.

<i>10. tafla. Heildarúthlutun kjördæmissæta.</i>																
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	D	G	H	I	J	K	L	M	R	S	T	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	4	2	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	7
Norðausturkjördæmi	-	4	2	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	2	-	9
Suðurkjördæmi	-	4	4	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	9
Suðvesturkjördæmi	1	3	4	-	-	-	-	-	-	-	-	2	-	1	-	11
Reykjavíkurborg suður	1	2	3	-	-	-	-	-	-	-	-	2	-	1	-	9
Reykjavíkurborg norður	1	2	3	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	2	-	9
Heildartala kjördæmissæta	3	19	18	-	-	-	-	-	-	-	-	8	-	6	-	54

Til samanburðar við úthlutunina í 10. töflu má lesa úr 11. töflu hvernig kjördæmissætunum væri skipt samkvæmt nákvæmum hlutfallsreikningi og eru þá leyfð brot úr þingsætum (með tveimur aukastöfum). Þessar tölur eru hér nefndar „kjördæmissætishlutir“. Neðsta línan er af öðrum toga eins og fram kemur hér á eftir.

<i>11. tafla. Kjördæmissætishlutir.</i>																
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	D	G	H	I	J	K	L	M	R	S	T	V	Þ	Samtals
Norðvesturkjördæmi	0,32	2,46	1,73	0,08	-	0,06	0,31	-	0,10	0,13	-	0,86	0,13	0,59	0,22	7,00
Norðausturkjördæmi	0,59	3,12	2,03	0,11	-	0,09	0,12	-	0,12	-	-	0,96	0,18	1,42	0,27	9,00
Suðurkjördæmi	0,40	3,10	2,54	0,24	-	0,26	0,14	-	0,14	-	-	0,92	0,30	0,53	0,42	9,00
Suðvesturkjördæmi	1,01	2,37	3,38	0,20	-	0,40	0,04	-	0,27	-	-	1,50	0,42	0,86	0,55	11,00
Reykjavíkurborg suður	0,97	1,51	2,41	0,15	0,01	0,36	0,04	0,06	0,26	-	0,01	1,28	0,30	1,09	0,56	9,00
Reykjavíkurborg norður	0,92	1,48	2,10	0,14	0,02	0,33	0,05	-	0,36	-	0,02	1,28	0,28	1,41	0,62	9,00
Kjördæmissætishlutir alls	4,21	14,04	14,19	0,92	0,03	1,50	0,69	0,06	1,25	0,13	0,03	6,79	1,60	5,91	2,64	54,00
Sætishlutir skv. landsfylgi	4,45	13,19	14,42	0,93	0,04	1,63	0,58	0,06	1,33	0,09	0,03	6,94	1,67	5,87	2,76	54,00

Fróðlegt er að bera saman summu kjördæmissætishluta á landinu öllu (sjá næstneðstu línu í 11. töflu) við heildartölu kjördæmissæta (sjá neðstu línu í 10. töflu). Minna samræmi er milli þessara tveggja summatalna en oftast áður. Allt eins og 2009 er þó nánast fullt samræmi milli heildartölu kjördæmissæta og samtölu kjördæmissætishluta hjá Vinstri grænum (V). Helst er áberandi að Framsóknarflokkurinn (B) fær nær fimm fleiri kjördæmissæti en samtala kjördæmissætishluta gefur tilefni til. Enn eykst þetta ósamræmi ef horft er til neðstu línunnar í 11. töflu. Þar eru sýndir útreiknaðir kjördæmissætishlutar samkvæmt landsfylgi og sýnir það hvað landsfylgi flokkanna gæti gefið tilefni til margra kjördæmissæta. Ástæður þessa ósamræmis eru margvíslegar: Mikið fylgi og þar með drjúgir kjördæmissætishlutar þeirra flokka sem ekki fá nein kjördæmissæti, misvægi atkvæða milli kjördæma og sú regla sem notuð er til úthlutunar kjördæmissæta, d'Hondt-reglan, en hún hyglir stærstu listunum, sem eru í þessu tilviki einatt listar Framsóknarflokksins (B).

8. Úthlutun jöfnunarsæta

Við úthlutun jöfnunarsæta þarf að gera tvennt: Fyrst þarf að deila þeim út á grundvelli landsfylgis flokkanna og síðan að finna þeim stað hjá listum flokkanna í kjördæmunum og taka þá um leið tillit til þess að tala þingsæta hvers kjördæmis er fyrirframákveðin. Í gildandi kosningalögum gerist þetta tvennt á samtvinnaðan hátt.

Áður en kemur að ráðstöfun jöfnunarsæta þarf að aðgæta hvaða stjórnмálasamtök (flokkar) koma til álita. Í kosningalögunum frá 2000 (og í samsvarandi stjórnskrárákvæði) er það nýmæli að settur er 5% þröskuldur, sem veitir um leið rétt: Þau samtök ein sem hafa náð 5% landsfylgi skulu koma til álita við úthlutun jöfnunarsæta. Áður var miðað við að samtök hefðu hlotið eitt eða fleiri kjördæmissæti.

Eins og þegar hefur verið vakin athygli á buðu óvenjumörg stjórnмálasamtök fram, eða 15 alls. Þar af buðu 11 fram í öllum kjördæmum. Af þessum samtökum hlutu einungis fimm kjördæmiskjörna þingmenn, eins og fram kemur í 10. töflu. Þau hin sömu ásamt Pírötum (P) náðu fylgi sem kom þeim yfir 5% þröskuldinn, eins og sjá má í neðstu línu 4. töflu. Þessi samtök, með listabókstöfunum A, B, D, S, V og P, komu því ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta. Samkvæmt ákvæðunum sem giltu frá 1934 til 2000 hefðu Píratar ekki verið gjaldgengir, en öll hin fimm samtökin.

Tekið er á heildarskiptingu jöfnunarsæta með d'Hondts-reglu á sama hátt og við úthlutun kjördæmissæta. Í því skyni er mynduð úthlutunarröð með því að halda áfram að deila heildaratkvæðatölu hvers flokks með heiltölunum sem koma í kjölfarið á samtölu kjördæmissæta flokksins. Þannig er deilt í heildaratkvæðatölu Framsóknarflokksins (B), sem hlaut samtals 9 kjördæmissæti, með heiltölunum 10, 11, 12 o.s.frv. Þessar útkomutölur – nefndar „landstölur“ í lögunum – er að finna í 12. töflu.

12. tafla. <i>Landstölur flokkanna.</i> <i>Níu hæstu tölurnar eru feitletraðar og auðkenndar með lit.</i>						
Landstölur eru atkvæðatölur á landinu öllu deilt með heildartölu kjördæmissæta að viðbættum 1, 2, 3 o.s.frv., sbr. 2. málsl. 1. tölul. 3. mgr. 108. gr.						
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ
Atkvæði alls:	15.584	46.176	50.466	24.296	20.552	9.649
Samtala kjördæmissæta:	3	19	18	8	6	-
Atkv. að baki hverju kjörd.sæti	5.194,7	2.430,3	2.803,7	3.037,0	3.425,3	-
1. landstala	3.896,0	2.308,8	2.656,1	2.699,6	2.936,0	9.649,0
2. landstala	3.116,8	2.198,9	2.523,3	2.429,6	2.569,0	4.824,5
3. landstala	2.597,3	2.098,9	2.403,1	2.208,7	2.283,6	3.216,3
4. landstala	2.226,3	2.007,7	2.293,9	2.024,7	2.055,2	2.412,3
5. landstala	1.948,0	1.924,0	2.194,2	1.868,9	1.868,4	1.929,8
6. landstala	1.731,6	1.847,0	2.102,8	1.735,4	1.712,7	1.608,2
7. landstala	1.558,4	1.776,0	2.018,6	1.619,7	1.580,9	1.378,4
8. landstala	1.416,7	1.710,2	1.941,0	1.518,5	1.468,0	1.206,1
9. landstala	1.298,7	1.649,1	1.869,1	1.429,2	1.370,1	1.072,1

Samkvæmt kosningalögunum skal ganga á landstölurnar í fallandi röð. Þannig fer fyrsta jöfnunarsætið til Pírata (Þ) þar sem samtökin eiga hæstu landstöluna. Samkvæmt ákvæðum laganna skal koma því sæti fyrir í kjördæmi með því að finna þann framboðslista Pírata á landinu öllu þar sem atkvæðatala næsta manns (þ.e. þess sem kæmi næstur til álita sem kjördæmiskjörinn) er hæst hlutfall af heildartölu gildra atkvæða í hlutaðeigandi kjördæmi. Upplýsingar um þessi hlutföll er að finna í 13. töflu.

13. tafla.						
Hlutfallsleg staða næstu manna (á eftir þeim kjördæmiskjörnu) hjá þeim listum sem koma til álita, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 108. gr.						
Listabókstafur:	A	D	S	V	Þ	
Norðvesturkjördæmi	4,564%	8,224%	6,114%	8,470%	3,094%	
Norðausturkjördæmi	6,511%	7,522%	5,306%	5,271%	3,033%	
Suðurkjördæmi	4,471%	5,651%	5,085%	5,885%	4,720%	
Suðvesturkjördæmi	Fyrsti	4,611%	6,142%	4,546%	3,930%	4,999%
	Annar	3,074%	5,118%	3,410%	2,620%	2,500%
Reykjavíkurborg	Fyrsti	5,368%	6,704%	4,728%	6,010%	6,173%
	Annar	3,579%	5,363%	3,546%	4,040%	3,086%
Reykjavíkurborg norður	Fyrsti	5,101%	5,840%	7,127%	5,224%	6,867%
	Annar	3,401%	4,672%	4,751%	3,918%	3,434%

Aðeins er þörf á að sýna hlutfallslega stöðu næsta manns hvers lista í landsbyggðar-kjördæmunum þremur þar sem þau kjördæmi fá eingöngu einn jöfnunarmann hvert. Aftur á móti skal úthluta tveimur jöfnunarmönnum í kjördæmunum þremur suðvestanlands og því getur næstnæsti maður lista (á eftir þeim kjördæmiskjörnu) komið til álita eftir að þeim á undan hefur verið úthlutað sæti. Því eru birtar í töflunni tvær hlutfallstölur hjá hverjum lista í þessum kjördæmum.

Eins og fyrr segir á fyrsta jöfnunarsætið að fara til Pírata (Þ). Samkvæmt 13. töflu er staða Þ-lista sterkust í Reykjavíkurborgardæmi norður. Listinn þar er með hlutfallið 6,867%. Það breytir engu að margir frambjóðendur annarra flokka hafi hærra atkvæðahlutfall. Hæsta hlutfallið á landinu er hjá V-lista í Norðvesturkjördæmi, 8,470%. Það er röð flokkanna samkvæmt landstölum sem ræður úthlutunarröðinni samkvæmt gildandi kosningalögum, en ekki röð hlutfallanna. Gildir þá einu þótt hlutfallið sé hærra annars staðar á landinu eða þótt í Reykjavíkurborgardæmi norður sé annar frambjóðandi í jöfnunarsæti, sá hjá S-lista, með betri stöðu en sá sem hreppir þetta fyrsta jöfnunarsæti.

Í heild er úthlutun jöfnunarsæta eins og fram kemur í 14. töflu.

14. tafla. Úthlutunarröð jöfnunarsæta.				
	Landstala við úthlutun	Hæsta hlutfalls-tala	Bókstafur samtaka sem hljóta úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er
1. sæti	9.649,0	6,867%	Þ	Reykjavík norður
2. sæti	4.824,5	6,173%	Þ	Reykjavík suður
3. sæti	3.896,0	6,511%	A	Norðaustur
4. sæti	3.216,3	4,999%	Þ	Suðvestur
5. sæti	3.116,8	5,368%	A	Reykjavík suður
6. sæti	2.936,0	8,470%	V	Norðvestur
7. sæti	2.699,6	7,127%	S	Reykjavík norður
8. sæti	2.656,1	6,142%	D	Suðvestur
9. sæti	2.597,3	4,471%	A	Suður

Í 15. töflu er úthlutun jöfnunarsæta sýnd með sama hætti og kjördæmissæta í 10. töflu. Heildarúthlutunin kemur síðan fram í 16. töflu. Í báðum tilvikum eru einungis tilgreind þau samtök er hlutu þingsæti.

15. tafla. Úthlutað jöfnunarsæti.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	-	-	-	1	-	1
Norðausturkjördæmi	1	-	-	-	-	-	1
Suðurborgardæmi	1	-	-	-	-	-	1
Suðvesturkjördæmi	-	-	1	-	-	1	2
Reykjavíkurborgardæmi suður	1	-	-	-	-	1	2
Reykjavíkurborgardæmi norður	-	-	-	1	-	1	2
Heildartala jöfnunarsæta	3	-	1	1	1	3	9

16. tafla. Heildarúthlutun þingsæta.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	4	2	1	1	-	8
Norðausturkjördæmi	1	4	2	1	2	-	10
Suðurborgardæmi	1	4	4	1	-	-	10
Suðvesturkjördæmi	1	3	5	2	1	1	13
Reykjavíkurborgardæmi suður	2	2	3	2	1	1	11
Reykjavíkurborgardæmi norður	1	2	3	2	2	1	11
Heildartala þingsæta	6	19	19	9	7	3	63

Greining á úthlutuninni

9. Samræmi þingsstyrks og landsfylgis flokkanna

Mælt er fyrir um það í stjórnarskrá að kosningalög skuli þannig úr garði gerð „að hver [stjórn mála]samtök fái þingsmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína“. Þó er veitt heimild fyrir því með stjórnarskrárbreytingunni 1999 að víkja frá þessu markmiði með því að hafa 5% þröskuld við úthlutun á jöfnunarsætum.

Þetta meginmarkmið náðist ekki í kosningum 27. apríl 2013. Einn flokkanna, Framsóknarflokkurinn (B), fékk eitt þingsæti umfram það sem heildarfylgið á landinu gefur tilefni til. Þetta má m.a. ráða af 12. töflu. Að baki síðasta kjördæmissæti flokksins eru 2.430,3 atkvæði, en tveir flokkar (D og S) eru með fleiri atkvæði að baki tveimur næstu frambjóðendum í jöfnunarsæti, sbr. landstölurnar 2.523,3 hjá D og 2.569,0 hjá V. Af þessu má ráða að bæta þyrfti við tveimur jöfnunarsætum til að full jöfnun næðist á milli þingsflokka í kosningunum 2013. En þá væru þingsæti í heild orðið 65 að tölu.

Væri á hinn bóginn eitt kjördæmissæti fært frá B og gert að tíunda jöfnunarsætinu kæmi það í hlut V. Atkvæði að baki hverju sæti hjá B væru þá orðin 2.565,3 (sem sést þó ekki í töflunni) og þar með komin yfir atkvæði á móti næsta frambjóðenda hjá sérhverjum hinna flokkanna. Af því sést að umframsæti B, þ.e. þau sæti sem landsfylgið getur ekki réttlætt, er eitt en ekki fleiri.

Jöfnuður hefur náðst milli þeirra flokka sem rétt eiga á jöfnunarsætum frá og með kosningunum 1987 en þá tóku gildi ný kosningalög (í kjölfar stjórnarskrárbreytingar) þar sem slíkur jöfnuður var eitt meginmarkmið, allt eins og nú.

10. Atkvæði að baki einstökum sætum

Fróðlegt er að sjá hve mörg atkvæði standa að baki hverju einstöku þingsæti. Með því er átt við tölu kjósenda lista deilt með þingsætatölu hans. Þetta hlutfall er raunar það sem d'Hondts-regla sú sem hér er notuð til útdeilingar þingsæta grundvallast á. Það auðkennir regluna að með henni er keppt að því að lægsta tala atkvæða að baki sæti sé sem hæst. Þetta auðkenni kemur þó aðeins fram við beitingu reglunnar í einstökum kosningum (svo sem til sveitarstjórna) en ekki endilega í samsettum kosningum eins og kosningar til Alþingis eru.

17. tafla. Atkvæði að baki þingsætum (kjördæmis- og jöfnunarsætum).								
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	M.v. öll gild atkv. kjör- dæmis	Hlutfall hæstu og lægstu atkvæða- tölu
Norðvesturkjördæmi		1.526	2.141	2.122	1.470		2.169	1,5
Norðausturkjördæmi	1.537	2.043	2.664	2.505	1.867		2.361	1,7
Suðurkjördæmi	1.202	2.316	1.899	2.734			2.688	2,3
Suðvesturkjördæmi	4.687	3.648	3.122	3.466	3.995	2.541	3.910	1,8
Reykjavíkurbj. suður	1.895	2.966	3.155	2.504	4.279	2.179	3.209	2,3
Reykjavíkurbj. norður	3.576	2.880	2.729	2.498	2.747	2.407	3.186	1,5
Landið í heild	2.597	2.430	2.656	2.700	2.936	3.216	3.000	1,3
Hlutfall hæstu og lægstu atkvæðatölu	3,9	2,4	1,7	1,6	2,9	1,2	1,8	3,9

Í 17. töflu má sjá atkvæði að baki þingsætum hjá sérhverjum lista. Að auki sjást atkvæði að baki sætunum í heild í hverju kjördæmi og með sama hætti í heild innan hvers flokks. Meðal annars má sjá að slétt 3.000 gild atkvæði eru að meðaltali að baki hverju sæti á landinu öllu. Það eru aðeins Vinstri-grænir (V) sem ná því að eiga meira en þetta meðaltal að baki sætum sínum. Fæst atkvæði að baki þingsæti eru hjá Framsóknarflokki (B) enda hlaut hann eitt þingsæti umfram það sem landsfylgi gefur tilefni til, eins og þegar hefur komið fram. Ástæða þess að aðrir flokkar ná þessu landsmeðaltali ekki er sú að óvenjumörg atkvæði fara forgörðum til framboða sem ekki náðu manni á þing.

Í aftasta dálki töflunnar má sjá breytileika innan kjördæma og í neðstu línunni breytileika innan flokka, hvort tveggja mælt með þeim hætti að reiknað er hlutfallið milli hæstu og lægstu tölu atkvæða að baki þingsæta innan kjördæma eða flokka. Neðst til hægri í töflunni sést hlutfallið milli flestra atkvæða að baki þingsætum, sem er hjá A-lista í Suðvesturkjördæmi (4.687 atkvæði), og fæstra atkvæða, sem er hjá sömu samtökum, A-lista í Suðurkjördæmi (1.202 atkvæði). Hlutfallið hér á milli er 3,9 sem er um helmingi meira en svarar til misvægis atkvæða milli kjördæma, en það ójafnvægi kemur fram í hlutfallinu 1,8 eins og lesa má úr töflunni. Misræmið á milli þessara hlutfalla sýnir í hnotskurn vandann við niðurröðun jöfnunarsæta.

Oftast hefur ójafnvægi verið mest milli lista Framsóknarflokksins en nú birtist það skarpast hjá nýju samtökunum, Bjartri framtíð. Ein ástæðanna er sú að samtökin verða fyrir því að hljóta síðasta jöfnunarsætið. Þá er aðeins eitt kjördæmi á lausu fyrir jöfnunarsæti, í þessu tilviki Suðurkjördæmi. A-listinn þar verður því að manna jöfnunarsætið hvort sem fylgi hans þar er mikið eða lítið. Flokkurinn væri betur að þessu jöfnunarsæti kominn í Suðvesturkjördæmi eða Reykjavíkurbjördæmi norður, en regluverkið bíður ekki upp á þá lausn.

Athygli skal vakin á því hve misvægið er lítið innan samtaka Pírata (Þ) þar sem það er einungis 1,2. Ástæðan er m.a. sú að sæti þeirra eru öll jöfnunarsæti. Í 18. töflu er öðru ljósi varpað á fylgið að baki hverju sæti. Þar eru ekki lengur reiknuð atkvæði að baki hverju þingsæti heldur stærð *þingsætishlutar* að baki þingsæti og er þá miðað við þingsæti í heild, kjördæmis- og jöfnunarsæti. Sætishlutirnir eru því reiknaðir í hverju kjördæmi út frá heildarþingsætistölu kjördæmisins öfugt við þá sætishluti sem rætt var um í sambandi við úthlutun kjördæmissæta en þar var aðeins miðað við tölu

kjördæmissæta. Með viðmiðun við þingsætishlut fremur en atkvæði næst að horfa fram hjá því innbyggða ósamræmi sem verður vegna misvægis eftir kjördæmum. Að jafnaði ætti einn heill þingsætishlutur að standa að baki hverju sæti. Ástæða þess að svo er ekki er þá einvörðungu að rekja til úthlutunaraðferðarinnar og auðvitað þess að ávallt verður skekkja þegar brotum þingsæta er breytt í heil sæti.

Eðli samkvæmt er minni breytileiki í 18. töflu en þeirri 17. Samkvæmt 17. töflu eru 3,9 sinnum fleiri atkvæði að baki því sæti sem mest hefur fylgið en að baki því sem hefur minnst fylgi. Í 18. töflu kemur í ljós að mælt í þingsætishlutum er þessi munur minni en þó er hlutfallið heilir 3.

18. tafla. Þingsætishlutir að baki þingsætum (kjördæmis- og jöfnunarsætum).							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Hlutfall hæsta og lægsta hlutar
Norðvesturkjördæmi		0,70	0,99	0,98	0,68		1,5
Norðausturkjördæmi	0,65	0,87	1,13	1,06	0,79		1,7
Suðurkjördæmi	0,45	0,86	0,71	1,02			2,3
Suðvesturkjördæmi	1,20	0,93	0,80	0,89	1,02	0,65	1,8
Reykjavíkurborg	0,59	0,92	0,98	0,78	1,33	0,68	2,3
Reykjavíkurborg norður	1,12	0,90	0,86	0,78	0,86	0,76	1,5
Landið í heild	0,87	0,81	0,89	0,90	0,98	1,07	1,3
Hlutfall hæsta og lægsta hlutar	2,7	1,3	1,6	1,4	2,0	1,2	3,0

11. Er vilji kjósenda virtur í kjördæmum og innan flokka?

Ýmis sjónarmið eru uppi um hvað teljist eðlileg eða sanngjörn úthlutun. Ljóst má vera að þar er vart um algilda mælikvarða að ræða; þó verður vikið að einum slíkum síðar.

Niðurröðun jöfnunarsæta ræðst af allflóknu samspili milli fylgis flokkanna í kjördæmunum annars vegar og á landinu í heild hins vegar. Þannig er ekki við því að búast að heildarskipting þingsæta innan hvers kjördæmis sé eins og vera ætti sé miðað við fylgið í kjördæminu einu og sér. Huga má að því hver frávikin eru frá því sem fengist með því að úthluta öllum þingsætum sem kjördæmissætum. Í 19. töflu er það gert og öllum sætum hvers kjördæmis úthlutað með reglu d'Hondts, þ.e. jöfnunarsætum er öllum breytt í kjördæmissæti. Svo vill til að einungis þeir sex flokkar sem hlutu þingsæti samkvæmt ákvæðum kosningalaga myndu hljóta þessi altæku kjördæmissæti. Þess vegna eru listabókstafir hinna samtakanna ekki sýndir í töflunni.

19. tafla. Öllum þingsætum úthlutað sem kjördæmissætum.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	4	2	1	1	-	8
Norðausturkjördæmi	-	4	3	1	2	-	10
Suðurkjördæmi	-	5	4	1	-	-	10
Suðvesturkjördæmi	1	4	5	2	1	-	13
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	1	2	4	2	1	1	11
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	1	2	3	2	2	1	11
Heildartala kjördæmissæta	3	21	21	9	7	2	63

Verulegu munar á þessari altæku kjördæmisúthlutun og hinni raunverulegu eins og sést með samanburði á 16. og 19. töflu. Hæst ber að landsútkoman er ekki sú sama. Þannig er langt í frá að landsjöfnuður næðist á milli flokkanna með altækri kjördæmisúthlutun. Tveir stærstu flokkarnir fengju fimm þingsæti umfram það sem landsfylgið gefur tilefni til á kostnað A, S, V og Þ.

Hins vegar má spyrja hvort „sanngirni“ sé í úthlutuninni milli einstakra lista innan sama flokks, þ.e. hvort þingsæti hvers flokks skiptist á eðlilegan hátt innbyrðis milli lista hans miðað við fylgi listanna. Hér má ekki miða styrkleikann við atkvæðafylgi vegna þess misvægis sem er á milli atkvæða eftir kjördæmum. Nær lagi er að reikna listunum þingsætishlut í hverju kjördæmi en út frá heildartölu þingsæta í hverju þeirra (kjördæmissæti og jöfnunarsæti) líkt og gert er í 18. töflu. Síðan má prófa að úthluta með d'Hondts-reglu innan hvers flokks á grundvelli þessara þingsætishluta þeim þingsætum sem flokkunum ber samkvæmt landsfylgi þeirra. Niðurstaðan er sýnd í 20. töflu og er þar úthlutað eins og þingsætishlutirnir væru atkvæði. Eins og við er að búast næst ekki með þessu móti að tryggja hverju kjördæmi alfarið réttan tölu þingsæta, eins og lesa má úr aftasta dálki töflunnar.


20. tafla. Úthlutun þingsæta innan hvers flokks á grundvelli þingsætishluta.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Alls
Norðvesturkjördæmi	-	4	2	1	1	-	8
Norðausturkjördæmi	1	4	3	1	2	-	11
Suðurkjördæmi	-	4	3	1	-	-	8
Suðvesturkjördæmi	2	3	5	2	1	1	14
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	2	2	3	2	1	1	11
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	1	2	3	2	2	1	11
Heildartala kjördæmissæta	6	19	19	9	7	3	63

Í hnotskurn má segja að með úthlutun samkvæmt 19. töflu fái kjördæmin að ráða ferðinni en í þeirri 20. listar flokkanna. Fróðlegt er að sjá hvar ber á milli þessara tveggja taflna annars vegar og hins vegar úthlutunarinnar samkvæmt ákvæðum kosningalaga, þ.e. þeirri úthlutun sem sýnd er í 16. töflu. Í 21. töflu er brugðið ljósi á þetta.

21. tafla. Frávik hreinnar úthlutunar innan kjördæma (K) eða innan flokka (F) frá hinni raunverulegu úthlutun; nema hvort tveggja sé (K/F).							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	K-frávik alls
Norðvesturkjördæmi							
Norðausturkjördæmi	K		K/F				2
Suðurkjördæmi	K/F	K	F				2
Suðvesturkjördæmi	F	K				K	2
Reykjavíkurborg	K		K				2
F-frávik alls	2		2				

Í 21. töflu má sjá að úthlutunin 2013 er í talsverðu ósamræmi við atkvæðaskiptingu í kjördæmum (K) sem og innan flokkanna (F), en þó í minna mæli. Athyglisvert er að engin brenglun er á úthlutuninni innan Samfylkingarinnar (S) og Vinstri grænna (V). Vitaskuld er þetta fremur tilviljun en kerfislægt.

Ósamræmið er nú með minnsta móti frá gildistöku núverandi kosningakerfis. Þetta má sjá á 3. mynd.



12. Um gæði úthlutunaraðferða

Í greiningu á kosningunum 2003 er gerð grein fyrir því að til er algildur gæðamælikvarði á úthlutun jöfnunarsæta. Að því gefnu hvaða reglu (d'Hondt, Sainte-Laguë eða einhverja aðra svonefndra deilireglu) eigi að leggja til grundvallar úthlutun sæta má sanna að einungis ein úthlutunaraðferð uppfyllir vissar en eðlilegar gæðakröfur. Þegar d'Hondts-regla er lögð til grundvallar má lýsa þessari „gæðaaðferð“ á þann veg að leitað sé að þeirri niðurröðun jöfnunarþingsæta sem geri heildarmargfeldi atkvæða að baki allra jöfnunarmannanna sem hæst. Aðferðin fellur því undir svonefnd

bestunarviðfangsefni og má því með tvöföldum sanni kalla lausn sem fæst með slíkri hámarks- „bestu“ lausn, bæði sakir þess að engin önnur lausn uppfyllir ætíð allar gæðakröfurnar og vegna þess að visst markgildi, atkvæðamargfeldið, er hámarkað eða „bestað“. Sá hængur er á þessari gæðaaðferð að úthlutun samkvæmt henni kallar óhjákvæmilega á allflokna útreikninga, en þó stærðfræðilega einfalda og rökrétta. Ekki verður í senn á einfaldleikann og gæðin kosið.

Kosningalögin frá 1987 náðu að kalla fram bestu lausn í kosningunum 1987 og 1991. Í kosningunum 1995 vill besta lausnin hafa Alþýðuflokksmann inni á Austurlandi í stað Sjálfstæðismanns en víxla í hina áttina á Suðurlandi. Í kosningunum 1999 skortir á hinn bóginn öllu meira upp á að úthlutunin samkvæmt hinum flóknu kosningalögum sem þá giltu verði eins og best verður á kosið.

Gildandi kosningalög, sem eru frá árinu 2000, tryggja ekki heldur bestu lausnina í fyrrgreindum skilningi, til þess eru þau of einföld. Í greiningunni á kosningunum 2003 er sýnt fram á að þessi kosningalög uppfylla ekki neina af þeim megingæðakröfum sem liggja til grundvallar hinni bestu lausn. Þannig getur það t.d. gerst (og raunar einnig eftir lögunum frá 1987) að listi tapi sæti á því að bæta við sig atkvæðum – að öllu öðru óbreyttu. Þetta fyrirbæri er ekkert séreinkenni íslenskra kosningalaga heldur kemur það nær alltaf við sögu þegar úthlutun sæta í kjördæmum og á landsvísi er tengd með einhverjum hætti.⁸

Í hliðstæðri greiningu á úrslitum þingkosninganna 2009⁹ er bent á dæmi um þetta fyrirbæri. Ekki finnst dæmi um þetta í kosningunum 2013.

13. Gæði úthlutunarinnar

Í kosningunum 2003 reyndust nýju kosningalögin mætavel og var frávikið frá hinni bestu lausn í raun aðeins eitt: Í Suðurlandskjördæmi hefði Framsóknarflokkurinn átt að fá sæti frá Samfylkingunni og öfugt í Reykjavíkurborg kjördæmi norður.¹⁰ Lakar tókst til með úthlutunina í kosningunum 2007 en þá skorti verulega á að besta lausn fengist. Frávikið varð minna í kosningunum 2009 þar sem hefði þurft að víxla sætum í þremur kjördæmum til að ná fram bestu lausninni.

Í kosningunum 2013 gerðist það í fyrsta sinn í rúm tuttugu ár að úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt kosningalögum er sú sama og fæst með umræddri gæðaaðferð. Ekki er þó allt gull sem glóir. Eins og þegar hefur komið fram fær Framsóknarflokkurinn (B) öll sæti sín í kjördæmiskjörinu. Því er áhugaverðara að athuga hvort heildarúthlutun þingsætanna er eins og best verður á kosið og leyfa þá að hróflað sé við bæði kjördæmis- og jöfnunarsætum. Sé það gert kemur í ljós að úthlutunin er ekki jafngild þeirri bestu. Til þess að ná fram bestu lausninni þyrfti að víxla þingsætum innan þriggja kjördæma og hjá þremur flokkum eins og sýnt er í 22. töflu. Þar sést það, sem vikið er að fyrr, að sæti Bjartrar framtíðar (A) í Suðurlandskjördæmi væri betur fyrir komið í Suðvesturkjördæmi, sem dregur síðan dilk á eftir sér: B-listi á Suðurlandi ætti þá að

⁸ Um þetta fyrirbæri er einnig fjallað í sérstakri greinargerð, „Stjórnlagadómstóll Þýskalands segir lög um kosningar til Sambandsþingsins brjóta í bág við stjórnarskrá“, sem finna má undir veffanginu www.landskjur.is.

⁹ Sjá bls. 16 í greiningu á kosningunum 2009; sjá <http://www.landskjur.is/kosningamal/althingiskosningar>

¹⁰ Breyting á úthlutun eins jöfnunarsætis hlýtur ávallt að kalla á tilfærslu fjögurra sæta hið minnsta.

manna enn eitt sætið þar en skila til baka sæti á Norðurlandi vestra. Metin jafnast síðan innan D þar sem víxla ætti sæti frá Suðvestur- til Norðvesturkjördæmis.

22. tafla. <i>Breyting á úthlutun þingsæta með „bestu“ úthlutun jöfnunarsæta í samanburði við úthlutun skv. gildandi lögum að því gefnu að hnika megi til kjördæmissætum auk jöfnunarsæta.</i>			
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	D
Norðvesturkjördæmi		-1	+1
Suðurkjördæmi	-1	+1	
Suðvesturkjördæmi	+1		-1

Hér er enn gengið út frá því að hver flokkur haldi þeirri heildartölu sæta sem þeim hlotnaðist í raun, þ.m.t. að Framsóknarflokkurinn haldi 19 sætum, sem er einu meira en landsfylgið gefur tilefni til.

Breytingar á úrslitum og aðferðum

14. Hvað ef atkvæðatölur hefðu verið aðrar?

Eftir kosningar er vinsælt að velta vöngum yfir því hvað hefði gerst ef úrslit hefðu orðið önnur en raunin varð. Gerð skal nokkur grein fyrir slíkum tilraunum, ekki aðeins til að svara forvitni lesenda heldur einnig í þeim tilgangi að varpa ljósi á gæði úthlutunarinnar.

Fyrst er þess að geta hvað þyrfti að breytast á landsvísu hjá hverjum flokki til þess að hann missti eða bætti við sig jöfnunarsæti (sjá 23. töflu). Vitaskuld þarf þá að deila fjölgun eða fækkun atkvæða á landinu á milli kjördæmislista viðkomandi samtaka. Ekki er einhlítt hvernig það er gert. Hér er fráviki á atkvæðatölum deilt niður á listana í hlutfalli við fylgi þeirra í hverju kjördæmi. Niðurstöðurnar í 23. töflu verður að virða með þessum fyrirvara.¹¹

23. tafla. Lágmarksbreyting á landsfylgi sem færir til jöfnunarsæti milli flokka. Lægstu tölur auðkenndar með lit.						
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	P
Missir atkvæða sem leiðir til fækkunar sæta.	175	-	1.180	2.887	209	209
Hver fengi sætið?	V		V	D	D+S+V	D+S+V
Aukning atkvæða sem leiðir til fjölgunar sæta.	3.005	3.958	1.681	233	742	742
Hvaðan væri sæti tekið?	D	B	A	A	A	A

Síðasti jöfnunarmaður Bjartrar framtíðar (A) stendur tæpast og ætti greiðasta leið til Vinstri grænna (V). Framsóknarflokkurinn (B) fær ekkert jöfnunarsæti og kemur því ekki við sögu í efri hluta töflunnar. Á hinn bóginn sést á neðri hluta töflunnar hvað þyrfti til viðbótar svo að hann fengi jöfnunarsæti. En flokkurinn gæti krækt í viðbót sem kjördæmissæti út á mun minni fylgisauka, eins og fram kemur í 25. töflu.

Hefðu Píratar (P) misst 209 atkvæði hefðu þeir ekki fengið neitt sinna þriggja jöfnunarsæta (vegna 5%-þröskuldarsins) og þau skipst á milli þriggja flokka. Þau samtök sem ekki hlutu þingsæti hefðu náð jöfnunarsætum ef þau hefðu komist yfir lágmarksþröskuldinn, en öll skorti þau mikið til þess og því ekki hægt að varpa ljósi á afleiðingarnar í þessari einföldu töflu.

Þá var prófað að færa atkvæði til eða frá einstökum framboðslistum. Í 24. töflu er sýnt hvað listi þarf að tapa mörgum atkvæðum til þess að missa sæti. Í efri hluta töflunnar eru atkvæðin tilgreind en í neðri hlutanum er sagt hvað breytingin snertir marga frambjóðendur. Ekki verður sagt að neinn þingmaður standi sérlega tæpt samkvæmt því sem fram kemur í þessari töflu.

Athyglisvert er hve mörg sæta fara á kreik við það eitt að einn listi bætir við sig fylgi, og það þótt gert sé ráð fyrir að viðbótarfylgið komi ekki frá neinum hinna listanna heldur frá þeim sem heima sitja.

¹¹ Athygli skal vakin á því að tölur í öllum töflum þessa undirkafli kunna í einstökum tilvikum að kalla á hlutkesti og má því deila um seinasta tölustafinn í atkvæðatölunum, hvort hann eigi að vera einum hærri eða lægri.

24. tafla.		Lágmarksfækkun atkvæða sem leiðir til fækkunar sæta hjá viðkomandi lista.				
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	-	225	2.452	954	477	-
Norðausturkjördæmi	351	1.071	2.058	730	182	-
Suðurkjördæmi	171	2.938	1.315	920	-	-
Suðvesturkjördæmi	2.528	1.580	1.117	920	1.067	149
Reykjavíkurborg suður	210	1.199	3.631	274	1.913	209
Reykjavíkurborg norður	2.055	764	1.743	920	1.551	209
Fjöldi frambjóðenda sem breytingin snertir.						
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	-	6	6	6	6	-
Norðausturkjördæmi	6	6	2	6	6	-
Suðurkjördæmi	2	10	2	2	-	-
Suðvesturkjördæmi	2	4	4	4	4	4
Reykjavíkurborg suður	8	6	2	6	6	8
Reykjavíkurborg norður	6	4	8	4	4	8

Í 25. töflu er sýnt með sama hætti hvað gerist þegar atkvæðum er bætt við lista. Aftur eru þau samtök sem ekki hlutu nein sæti látin liggja á milli hluta, enda skorti þau mjög fylgi til að ná sæti.

25. tafla.		Lágmarksaukning atkvæða sem leiðir til fjölgunar sæta hjá viðkomandi lista.				
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	148	4.506	297	931	699	349
Norðausturkjördæmi	1.118	1.160	273	1.228	2.397	791
Suðurkjördæmi	1.887	231	952	1.064	233	80
Suðvesturkjördæmi	350	2.920	3.032	2.262	2.250	2.490
Reykjavíkurborg suður	1.269	1.580	550	1.830	729	1.272
Reykjavíkurborg norður	208	2.421	833	3.238	1.049	1.150
Fjöldi frambjóðenda sem breytingin snertir.						
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	4	10	6	6	2	6
Norðausturkjördæmi	8	4	6	6	2	6
Suðurkjördæmi	4	2	4	4	2	2
Suðvesturkjördæmi	4	4	4	4	4	4
Reykjavíkurborg suður	4	4	6	6	6	4
Reykjavíkurborg norður	8	4	6	4	4	4

Áréttað skal að í 24. og 25. töflu er leitað að því lágmarksfylgi sem dugar til að færa til sæti hjá viðkomandi lista. En sæti geta færst til hjá öðrum listum en þeim sem breytingarnar eiga uppruna sinn hjá án þess að það hafi áhrif á sætistölu þess lista. Dæmi um þetta er sýnt í 26. töflu. Hefði V-listi Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi fengið 57 atkvæði til viðbótar hefði það að vísu ekki gagnast listanum sem slíkum en sett af stað hrinu breytinga sem hefði gefið flokksnum viðbótarsæti á kostnað Framsóknarflokks (B) og þá um leið rétt af það misvægi milli flokka sem varð í þessum kosningum.

26. tafla. <i>Tilfærsla sæta við það að V-listinn í Norðvesturkjördæmi bætir við sig 57 atkvæðum.</i>				
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	D	V
Norðvesturkjördæmi		-1	+1	
Norðausturkjördæmi				
Suðurkjördæmi	-1			+1
Suðvesturkjördæmi	+1		-1	
Reykjavíkurbld. suður				
Reykjavíkurbld. norður				
Landið í heild		-1		+1

15. Regla Sainte-Laguës í stað d'Hondts-reglu

Eins og þegar hefur verið rakið er úthlutun þingsæta svo og fulltrúa í sveitarstjórnnum grundvölluð á úthlutunarreglu kenndri við Victor d'Hondt. Regla Sainte-Laguës er hliðstæð d'Hondts-reglu að því leyti að deilt er í atkvæðatölurnar með vissum deilitölum og síðan úthlutað í röð fallandi deilda, allt eins og í d'Hondts-reglu. Munurinn er sá að hjá Sainte-Laguës eru deilitölurnar oddatölurnar 1, 3, 5, o.s.frv. í stað allra heiltalnanna 1, 2, 3 o.s.frv. hjá d'Hondt.¹²

Regla Sainte-Laguës er sú eina úthlutunaraðferð sem er tölfræðilega hlutlaus í þeim skilningi að hlutfallslegt meðaltal úthlutana úr mörgum kosningum verður sem næst hlutfallslegu meðaltali atkvæða þeirra lista sem við sögu koma, óháð stærð þeirra. Regla d'Hondts uppfyllir annan gæðamælikvarða en með þeirri óhjákvæmilegu afleiðingu að stærstu listarnir fá þá gjarnan fleiri sæti en svarar til atkvæðahlutfalls þeirra. Þetta misvægi getur hlaðist upp við útdeilingu kjördæmissæta, eins og bent er á í 7. kafla um úthlutun kjördæmissæta. Jöfnuður milli flokka á landsvísu ætti því að jafnaði að vera tryggari ef reglu Sainte-Laguës er beitt í stað d'Hondts-reglu við úthlutun kjördæmissæta (óháð því hvor reglan er síðan notuð við landsuppgjörið). Svo reyndist þó ekki þegar reglunni var beitt á úrslitin 2003 og 2007. Í kosningunum 2009 náðist nokkru meiri heildarjöfnuður milli flokka við úthlutun kjördæmissæta með reglu Sainte-Laguës en reglu d'Hondts.

Prófað var að grundvallar úthlutunina 2013 á reglu Sainte-Laguës, en landsuppgjörið, uppskipting jöfnunarsætanna milli flokka, er áfram látin lúta reglu d'Hondts. Frávikin frá hinni lögboðnu úthlutun eru sýnd í 27. töflu. Hér kemur í ljós að jöfnuður myndi nú nást á milli flokka. Framsóknarflokkurinn fengi einu færri sæti, sæti sem kæmi í hlut Vinstri grænna, ef úthlutað væri samkvæmt reglu Sainte-Laguës í stað d'Hondts-reglu. Í kjölfarið myndu jöfnunarsæti stokkast að hluta upp eins og fram kemur í töflunni.

¹² Regla Sainte-Laguës er lögð til grundvallar kosningakerfum víða, t.d. í Noregi og Svíþjóð, en þó með því frávikum að fyrstu deilitölunni er hagrætt til að gera það erfiðara að ná kjörnum fyrsta manni á hverjum lista. Þetta virkar þá sem eins konar þröskuldur.

27. tafla. <i>Frávik á úthlutun þingsæta með reglu Sainte-Laguës í samanburði við úthlutun skv. gildandi lögum.</i>						
<i>Listabókstafur:</i>	A	B	D	S	V	Þ
Norðvesturkjördæmi	1	-1				
Norðausturkjördæmi		-1	1			
Suðurkjördæmi	-1				1	
Suðvesturkjördæmi		1	-1			
Reykjavíkurborg						
Reykjavíkurborg norður						
Landið allt		-1			1	

Athyglisvert er að sú úthlutun sem endurspeglar í 27. töflu er um leið sú sem fram kæmi við úthlutun með fyrrgreindri gæðaaðferð (sjá 13. kafla) að því gefnu að leyft sé að hreyfa til kjördæmissæti. Það þýðir á mannamáli að taka af umframsæti Framsóknarflokksins og úthluta síðan með margumræddri gæðaaðferð. Þessi útgáfa laganna með Sainte-Laguës rambar því á „bestu“ lausn í þessum kosningum.

16. Röðun eftir hlutföllum einum; landstölum sleppt

Eins og fyrr segir mæla núgildandi kosningalög fyrir um að jöfnunarsætum skuli úthlutað í röð landstalnanna, þ.e. í þeirri röð sem ræðst af landsfylgi flokkanna að teknu tilliti til heildartölu kjördæmissæta þeirra. Sæti er síðan útdelt jafnóðum til eins af listum þess flokks sem á sætið og þá til þess (ókjörna) frambjóðanda flokksins á landinu öllu sem stendur hlutfallslega best að vígi, nánar tiltekið þar sem atkvæðatala sætisins er hæst hlutfall af gildum atkvæðum í viðkomandi kjördæmi.

Þegar gildandi lög voru í smíðum kom mjög til álita að fara einfaldari leið og láta hlutfallstölurnar einar ráða úthlutunarröðinni, þ.e. úthluta jöfnunarsætunum ekki í röð landstalnanna heldur eftir stærð atkvæðahlutfalla næstu manna. Ekki verður séð að þessi einfaldari aðferð hefði verið til bóta, hvorki í kosningunum 2003 né 2007, en 2009 gaf hún þó sömu niðurstöðu og besta lausnin sem vikið er að í 13. kafla.

Aftur var prófað að beita aðferðinni og nú á úrslitin 2013, þ.e. að fylgja ekki röð landstalnanna við úthlutun jöfnunarsæta heldur láta hlutfallslegt fylgi frambjóðenda ráða eitt og sér. Þá þarf fyrst að skipta jöfnunarsætunum milli flokkanna. Það er sem fyrr gert með d'Hondts-reglu og fær þá hver flokkur að sjálfsögðu sömu tölu jöfnunarsæta og varð í reynd. Fyrsta jöfnunarsætið fer nú til þess frambjóðanda sem hefur hæst hlutfallslegt fylgi í kjördæmi, hvar á landinu sem er, í hvaða flokki sem er o.s.frv. (sjá 13. töflu).

Þessi úthlutun vísar frá þeirri raunverulegu. Frávikin eru þó eins fá og verða má eins og fram kemur í 28. töflu; einungis víxlun tveggja sætapa.

28. tafla. <i>Frávik á úthlutun jöfnunarsæta á grundvelli hlutfalla einna í samanburði við úthlutun skv. gildandi lögum.</i>		
<i>Listabókstafur:</i>	A	D
Norðausturkjördæmi	-1	1
Suðvesturkjördæmi	1	-1

Í 29. töflu sést röðunarhrina jöfnunarsæta með þessari aðferð, þ.e. þar sem ekki er farið eftir fallandi röð landstalna heldur gengið á listana eftir hlutfallslegri stöðu manna.

29. tafla. <i>Úthlutunarröð jöfnunarsæta ef landstölur ráða ekki ferðinni heldur atkvæðahlutföllin ein.</i>				
	Hæsta hlutfalls- tala	Bókstafur samtaka sem hljóta úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er	
1. sæti	8,470%	V	Norðvestur	
2. sæti	7,522%	D	Norðaustur	
3. sæti	7,127%	S	Reykjavík norður	
4. sæti	6,867%	Þ	Reykjavík norður	
5. sæti	6,173%	Þ	Reykjavík suður	
6. sæti	5,368%	A	Reykjavík suður	
7. sæti	4,999%	Þ	Suðvestur	
8. sæti	4,611%	A	Suðvestur	
9. sæti	4,471%	A	Suður	

Fróðlegt er að bera saman niðurröðunina samkvæmt 14. töflu, þeirri samkvæmt gildandi lögum, og 29. töflu, þar sem hlutföllin ein ráða för og landstölurnar koma ekki við sögu. Vandinn sem verður í seinni röðuninni er sá að tvö síðustu sætin lenda hjá sama flokki, A. Þar með eru tvö síðustu sætin í raun niðurnjörvuð óháð fylgi A-listanna í viðkomandi tveimur kjördæmum. Þá er athyglisvert að burt séð frá síðasta sætinu, sem verður alltaf einhvers konar afgangssæti, er úthlutunarhrinan alfarið í takt við vaxandi stærð kjördæma. Atkvæðahlutföll eru nefnilega ekki góður mælikvarði þegar kjördæmin eru komin með mjög mismunandi tölu þingsæta, en það hefur gerst með tilfærslu sæta allt frá 2003.

17. Úthlutun jöfnunarsæta að norskum hætti

Norðmenn tóku upp kosningakerfi sem svipar mjög til þess íslenska snemma á þessari öld. (Ekki er vitað hvort fyrirmyndin var að einhverju leyti sótt til okkar.) Grundvöllurinn hjá Norðmönnum er þó regla Sainte-Laguës, ekki d'Hondts-regla. Að öðru leyti er munurinn sá að þeir miða við þingsætishluti þar sem hjá okkur er talað um atkvæðahlutföll. Vissulega er rökréttara að miða við þingsætishluti. Þeir sleppa því jafnframt að reikna út landstölur en láta stærð þingsætishlutanna ráða för.

Í 30. töflu er jöfnunarsætum við kosningarnar 2013 úthlutað að hætti Norðmanna að öðru leyti en því að viðmiðið er d'Hondts-regla, ekki regla Sainte-Laguës. Úthlutunin vísar frá þeirri samkvæmt okkar lögum, en munurinn er í lágmarki: Tvö þör sæta. En aftur er athyglisvert að huga að úthlutunarröðinni, þeirri sem fram kemur í 30. töflu. Nú er röð kjördæmanna ekki í fastmótaðri röð, alveg eins og í 29. töflu, en sami vandinn kemur í ljós með síðustu sætin í báðum tilvikum.

30. tafla. <i>Úthlutunarröð jöfnunarsæta að norskum hætti, en þó m.v. d'Hondts-reglu, ekki reglu Sainte-Laguës.</i>				
	Þingsætis- hlutur	Bókstafur samtaka sem hljóta úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er	
1. sæti	0,6770	D	Norðaustur	
2. sæti	0,6415	S	Reykjavík norður	
3. sæti	0,6181	Þ	Reykjavík norður	
4. sæti	0,5930	V	Norðvestur	
5. sæti	0,5556	Þ	Reykjavík suður	
6. sæti	0,5499	Þ	Suðvestur	
7. sæti	0,5071	A	Suðvestur	
8. sæti	0,4832	A	Reykjavík suður	
9. sæti	0,4024	A	Suður	

18. Forskotsregla

Höfundur þessarar greinargerðar hefur lengi hampað (eigin) hugmynd um úthlutun jöfnunarsæta sem hann hefur kallað „forskotsreglu“. Þar er jöfnunarsætum raðað niður með þeim hætti að í hverju kjördæmi er mælt forskot næsta manns á þann sem kemur næst á eftir honum. Forskotið er mælt á undan hverri úthlutun jöfnunarsætis sem hlutfall af atkvæðatölu næsta manns á móti atkvæðatölu þess þarnaesta.¹³ Einvörðungu er horft til þeirra lista sem ekki eru þegar á því stigi búnir að fá öll sín jöfnunarsæti og eru þar með úr leik.

Hugsunin með aðferðinni er sú að með henni megi afstýra „slysum“, þ.e. því að grípa verði til frambjóðanda með laka stöðu af því að gengið hafi verið fram hjá manni með betri stöðu í sama kjördæmi fyrr í úthlutunarhrinunni.¹⁴

Runa jöfnunarsætanna samkvæmt forskotsreglu kemur fram í 31. töflu, en til samanburðar er einkum 14. tafla.

¹³ Ekki skiptir máli hvort notuð er atkvæðatala, atkvæðahlutfall eða þingsætishlutur.


¹⁴ Rökin fyrir þessu „slysavarnasjónarmiði“ eru tíunduð í neðanmálgrein í greiningu á kosningunum 2003.

31. tafla. Úthlutunarröð jöfnunarsæta ef beitt er forskotsreglu.			
	Hæsta forskot	Bókstafur samtaka sem hljóta úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er
1. sæti	22,85%	D	Suðvestur
2. sæti	38,55%	V	Norðvestur
3. sæti	22,71%	A	Norðaustur
4. sæti	14,99%	Þ	Reykjavík suður
5. sæti	13,54%	A	Reykjavík suður
6. sæti	8,43%	Þ	Suðvestur
7. sæti	7,72%	S	Suður
8. sæti	34,62%	Þ	Reykjavík norður
9. sæti	(á ekki við)	A	Reykjavík norður

Forskotsreglan, allt eins og úthlutunin skv. gildandi lögum, gefur nú sömu lausn og sú besta. Þetta miðast þó hvort tveggja aðeins við úthlutun jöfnunarsæta, en eins og fyrr segir fær einn flokkanna, Framsóknarflokkurinn, einu sæti um of m.v. landsfylgi.

19. Samanburður á úthlutunarreglum

Hér á undan hafa verið reifaðar nokkrar mismunandi aðferðir við úthlutun jöfnunarsæta og þær ýmist bornar saman við hina raunverulegu úthlutun, þá sem er lögum samkvæmt, en líka hina „bestu“ í margumræddum skilningi. Hægt er að mæla gæðin, þ.e. hve miklu munar á viðkomandi úthlutun og þeirri bestu með því að bera saman margfeldi atkvæða að baki þingsætum eftir einstökum úthlutunarleiðum svo og eftir þeirri sem best telst, þ.e. þeirri sem nær hæsta mögulega gildi á þessu margfeldi. Á 4. mynd er sýndur slíkur samanburður á milli aðferða fyrir þær farnar þingskosningar sem nú hafa farið fram á grundvelli kosningalaganna frá árinu 2000.



Súla sem nær 100% sýnir lausn sem er jafngóð þeirri sem best verður talin. Forskotsaðferðin kemur einna best út, eins og sést á samanburði á meðaltölunum yfir þessar fernar kosningar. Sú aðferð nær bestu lausninni í kosningunum 2003 og því sem næst árið 2007 en kemur þó einungis þokkalega út í kosningunum 2009 og 2013.

Niðurstöður sem byggjast á reglu Sainte Laguës eru ekki sambærilegar við hinar þar sem grundvöllurinn er annar og eru því ekki sýndar.

Ítrekað skal að einungis er hér verið að bera saman mismunandi aðferðir við úthlutun jöfnunarsæta. Þannig er ekki hróflað við sætum Framsóknarflokksins í kosningunum 2013 þar sem þau eru öll kjördæmissæti.

Röð frambjóðenda

20. Ákvæði um atkvæðatölu frambjóðenda

Meðal nýmæla í gildandi kosningalögum, þeim frá árinu 2000, er ný aðferð við uppgjör á breyttum kjörseðlum. Sú aðferð sem nú er beitt veitir kjósendum meiri möguleika en þeir hafa haft í hálfa öld til að hafa áhrif á röð á framboðslistum. Aðferðinni er lýst allitarlega í greiningu á kosningunum 2007 og verður það ekki endurtekið hér.¹⁵

Við þingkosningarnar 2007 gerðist það í fyrsta sinn í rúm sextíu ár að breytingar kjósenda höfðu áhrif á röð frambjóðenda, þó ekki í þeim mæli að breyting yrði á skipan Alþingis. Breytingarnar voru mestar á tveimur listum Sjálfstæðisflokksins (D), annars vegar í Suðurkjördæmi og hins vegar í Reykjavíkurborgkjördæmi suður. Sama sagan endurtók sig í kosningunum 2009. Breytt atkvæði voru þá fleiri en vitað er um áður. Umræða var öllu meiri fyrir þær kosningar en áður um möguleika kjósenda á breytingum í tengslum við ólgu í stjórnámálum veturinn á undan. Eigi að síður varð einungis í tveimur tilvikum breyting á röð frambjóðenda og sem fyrr hjá Sjálfstæðisflokki, aftur færðist frambjóðandi hjá Sjálfstæðisflokki í Suðurkjördæmi niður um sæti og síðan annar í Reykjavíkurborgkjördæmi suður.

Í kosningunum 2013 brá svo við að mjög dró úr breytingum á kjörseðlum, hver svo sem skýringin kann að vera. Breytingarnar höfðu nú engin áhrif á röð frambjóðenda.

Í greinargerðinni um kosningarnar 2007, svo og í sérstökum pistli um persónukjör á vefsíðu landskjörstjórnar, má lesa um reglurnar sem gilda um breytta kjörseðla og hvað þarf mikið til að breytingar verði á röð frambjóðenda. Nálgað má atkvæðatölur aðal- og varamanna allra lista, reiknaðar með þeim hætti sem lög mæla fyrir um, í skýrslu landskjörstjórnar um úrslit kosninganna 2013 á vef landskjörstjórnar.¹⁶ Ekki er því ástæða til að endurbirta þær umfangsmiklu töflur hér.

21. Atkvæðatala frambjóðenda

Erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á breytingar kjósenda á grundvelli þeirra gagna sem landskjörstjórn birtir um úrslitin. Þó liggur nokkuð beint við að bera saman atkvæðatöluna sem frambjóðanda er reiknuð samkvæmt ákvæðum 110. gr. kosningalaganna við þá atkvæðatölu sem fram kæmi ef kjósendur gerðu engar breytingar. Þetta kemur fram í 33. töflu en þó eru þar aðeins efstu menn hvers lista til skoðunar. Sýnt er í töflunni hvað efsti maður hvers lista fékk mörg atkvæði, að teknu tilliti til breytinga kjósenda, sem hlutfall af heildaratkvæðatölu listans. Eðlilega fer hlutfallið aldrei yfir 100% þar sem efsti maður getur ekki bætt við sig með breyttum atkvæðaseðlum.

Sjá má í 33. töflu að rétt rúmur helmingur af efstu mönnum listanna fær meira en 99% fylgi. Nú keppa nokkrir efstu menn um mestan stuðning. Í fyrri kosningum á þessari öld hefur oddviti Vinstri grænna (V) í Norðausturkjördæmi verið fremstur í flokki í þessum efnunum. En nú eru það fjórir efstu menn annarra lista sem fá mestan stuðning, eða yfir 99,9% stuðning. Mest virðist hreyft við oddvitum Sjálfstæðisflokksins (D), einkum þó í Suðvesturkjördæmi, en efsti maður listans þar fær 95,3% stuðning.

¹⁵ Sjá 17. kafla í greiningu á kosningunum 2009; sjá <http://www.landskjoir.is/kosningamal/althingiskosningar>

¹⁶ Sjá síðuna <http://www.landskjoir.is/kosningamal/althingiskosningar-/althingiskosningar-2013/>.

Lesi má meðaltal yfir landið allt neðst og lengst til hægri í töflunni. Það er nú 96,7% en var einungis 95,9% í kosningunum 2009 en 98,7% í kosningunum 2007 og 98,4% 2003.

33. tafla. Hlutfallsleg staða efsta manns á hverjum framboðslista.							
Atkvæðatölur þeirra framboðslista sem hlutu þingsæti.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Samtals
Norðvesturkjördæmi	-	6.104	4.282	2.122	1.470	-	13.978
Norðausturkjördæmi	1.537	8.173	5.327	2.505	3.733	-	21.275
Suðurkjördæmi	1.202	9.265	7.596	2.734	1.582	1.269	23.648
Suðvesturkjördæmi	4.687	10.944	15.608	6.932	3.995	2.541	44.707
Reykjavíkurborg suður	3.790	5.931	9.466	5.007	4.279	2.179	30.652
Reykjavíkurborg norður	3.576	5.759	8.187	4.996	5.493	2.407	30.418
Samtala þessara lista	14.792	46.176	50.466	24.296	20.552	8.396	164.678
Atkvæðatala efstu manna hvers lista, sbr. 2. mgr. 110. gr.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Samtals
Norðvesturkjördæmi	-	6.078,0	4.186,5	2.109,0	1.460,0	-	13.833,5
Norðausturkjördæmi	1.536,0	8.129,6	5.295,5	2.484,7	3.716,8	-	21.162,6
Suðurkjördæmi	1.199,0	9.256,3	7.519,9	2.714,3	-	-	20.689,5
Suðvesturkjördæmi	4.664,7	10.879,2	14.868,7	6.843,8	3.901,3	2.527,7	43.685,4
Reykjavíkurborg suður	3.698,8	5.701,5	9.305,8	4.943,0	4.225,0	2.093,3	29.967,4
Reykjavíkurborg norður	3.456,7	5.752,0	7.943,0	4.888,0	5.488,0	2.383,0	29.910,7
Samtala þessara manna	14.555,2	45.796,6	49.119,4	23.982,8	18.791,1	7.004,0	159.249,1
Hlutfall atkvæðatölu efstu manna af atkvæðum listans.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Hlutfall samtalna
Norðvesturkjördæmi	-	99,6%	97,8%	99,4%	99,3%	-	99,0%
Norðausturkjördæmi	99,9%	99,5%	99,4%	99,2%	99,6%	-	99,5%
Suðurkjördæmi	99,8%	99,9%	99,0%	99,3%	-	-	87,5%
Suðvesturkjördæmi	99,5%	99,4%	95,3%	98,7%	97,7%	99,5%	97,7%
Reykjavíkurborg suður	97,6%	96,1%	98,3%	98,7%	98,7%	96,1%	97,8%
Reykjavíkurborg norður	96,7%	99,9%	97,0%	97,8%	99,9%	99,0%	98,3%
Hlutfall samtalna flokkanna	98,4%	99,2%	97,3%	98,7%	91,4%	83,4%	96,7%

Í 34. töflu er rýnt í heildarmyndina varðandi breytingar á kjörseðlum með öðrum einföldum hætti. Í efri hluta töflunnar er talið saman hvað þingmenn eða varaþingmenn hvers lista voru oft strikaðir út eða færðust niður fyrir röðunartölu (sem jafngildir útstrikun). Vitanlega gerðist hið öndverða einnig, að þingmenn færðust upp um sæti. En væri það talið með væri að jafnaði verið að tvítelja sömu breytinguna: Færist einhver niður, færast annar, eða aðrir, upp og öfugt. Í neðri hluta töflunnar eru þessar tölur gerðar sambærilegar með því að sýna þær sem hlutfall af atkvæðatölu þess lista sem í hlut á (sjá 3. töflu). Þegar heildarhlutföll eru reiknuð, innan kjördæmis eða flokks, er aðeins tekið tillit til þeirra lista sem náðu manni á þing.

Í 34. töflu sést að breytingar eru tölulega og hlutfallslega flestar hjá Sjálfstæðisflokknum (D). Einkum er þetta áberandi hjá lista flokksins í Suðvesturkjördæmi, sem er um leið það kjördæmi, ásamt Reykjavíkurborg suður, þar sem hlutfall af breyttum seðlum í fyrrgreindum skilningi er hæst.

34. tafla.	Yfirlit yfir breytt atkvæði.						
Tala persónulegra atkvæða aðal- eða varaþingmanna þar sem þeir voru strikaðir út eða færðust niður fyrir röðunartölu.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Samtals
Norðvesturkjördæmi	-	72	151	44	17	-	284
Norðausturkjördæmi	10	115	41	50	33	-	249
Suðurkjördæmi	3	49	570	97	-	-	719
Suðvesturkjördæmi	173	150	2.143	231	98	17	2.812
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	126	247	905	266	304	90	1.938
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	125	131	550	221	203	27	1.257
Samtala þessara lista flokkanna	437	764	4.360	909	655	134	7.259
Hlutfall umræddra atkvæðaseðla af atkvæðatölu lista, kjördæma eða flokka.							
Listabókstafur:	A	B	D	S	V	Þ	Hlutfall samtalna
Norðvesturkjördæmi	-	1,2%	3,5%	2,1%	1,2%	-	2,0%
Norðausturkjördæmi	1.537	1,4%	0,8%	2,0%	0,9%	-	1,3%
Suðurkjördæmi	0,2%	0,5%	7,5%	3,5%	-	-	3,0%
Suðvesturkjördæmi	3,7%	1,4%	13,7%	3,3%	2,5%	0,7%	6,3%
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	3,3%	4,2%	9,6%	5,3%	7,1%	4,1%	6,3%
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	3,5%	2,3%	6,7%	4,4%	3,7%	1,1%	4,1%
Hlutfall samtalna flokkanna	3,3%	1,7%	8,6%	3,7%	3,2%	1,6%	4,4%

Samanburður við fyrri kosningar er áhugaverður. Gögn liggja ekki fyrir um aðrar alþingiskosningar en þær frá 21. öldinni, en það eru þær kosningar sem hafa farið fram eftir að gildandi kosningalög voru sett. Sem fyrr segir veittu þessi lög breytingum kjósenda verulega meira vægi en verið hafði áratugum saman.

Í 34. töflu eru bornar saman breytingar sem kjósendur hafa gert á atkvæðaseðlum í kosningunum fernum reiknaðar sem hlutfall af gildum atkvæðum eftir því sem við á (sjá skýringar í sjálfri töflunni). Annars vegar eru breytingarnar samanteknar eftir kjördæmum og hins vegar eftir flokkum. Einungis eru teknir með þeir fjórir flokkar sem fengu menn kjörna í öllum þessum kosningum.

35. tafla. Samanburður á breytingum á atkvæðaseðlum í þingkosningunum árin 2003, 2007, 2009 og 2013.						
<i>Hlutfall persónulegra atkvæða aðal- eða varaþingmanna þar sem þeir voru strikaðir út eða færðust niður fyrir röðunartölu. Hlutfallið miðast við heildartölu atkvæða þessara lista í hverju kjördæmi.</i>						
<i>Eftir kjördæmum</i>	2003	2007	2009	2013		
Norðvesturkjördæmi	6,6%	4,4%	5,1%	2,0%		
Norðausturkjördæmi	2,9%	2,3%	7,9%	1,2%		
Suðurkjördæmi	3,2%	10,7%	10,2%	3,0%		
Suðvesturkjördæmi	4,7%	3,2%	12,1%	6,3%		
Reykjavíkurborg	4,9%	10,0%	21,7%	6,3%		
Reykjavíkurborg norður	6,3%	4,0%	15,7%	4,1%		
Allt landið	4,8%	5,7%	13,2%	4,4%		
<i>Eftir flokkum</i>	B	D	S	V (2003 U)	Aðrir þingflokkar	Alls
2003	2,1%	8,4%	4,4%	1,8%	0,3%	4,8%
2007	1,7%	11,3%	3,2%	1,9%	0,7%	5,7%
2009	4,3%	20,2%	17,0%	9,3%	3,5%	13,2%
2013	1,7%	8,6%	3,7%	3,2%	2,5%	4,4%


Ekki má taka talnagildin í töflunum of bókstaflega. Taflan er, eins og fyrr segir, byggð á þeim gögnum sem birt hafa verið um breytingar á atkvæðaseðlum. Taflan endurspeglar ekki beint tölu breyttra seðla heldur eru tölurnar í töflunni nálgun á tölu breyttra seðla.¹⁷ Þetta kann að ýkja tölu breyttra seðla þar sem á sama seðli geta fleiri en einn frambjóðandi verið strikaðir út eða færðir niður. En þar sem sömu aðferð er beitt við úrvinnsluna í öllum kosningunum fernum má fullyrða að upplýsingarnar sem fram koma í töflunni og eftirfarandi myndum megi bera saman innbyrðis. Þannig má lesa út úr þeim að hlutfall breyttra atkvæða varð langmest 2009. Þá virðist augljóst að „óróinn“ er mestur í Reykjavíkurborg suður í kosningunum 2009 og að kjósendur Sjálfstæðisflokksins (D) eru iðnastir við að breyta kjörseðlum í öllum kosningunum. Undarlegt virðist að í kosningunum 2013 var kjörseðlum hvað minnst breytt.

Ósagt skal látið hvað veldur þessari þróun. Skýringar eru efalaust margvíslegar. Ólga í stjórnmálalífi í kjölfar bankahrunsins, aukin óánægja með skipan á lista, a.m.k. innan sumra flokka, auk þess sem kjósendur hafi smám saman verið að átta sig á því að með kosningalögunum sem tóku gildi árið 2000 voru áhrif þeirra stóruákin. En varð síðan allt með ró og spekt og almenn ánægja með röð á listum í kosningunum 2013? Eða sáu kjósendur hvað þeir fengu litlu áorkað 2009 og hirtu því ekki um að breyta 2013?

Efnið í 35. töflu er einnig sýnt á tveimur myndum, 5. og 6. mynd.

¹⁷ Beinar upplýsingar um tölu breyttra seðla liggja aðeins fyrir um kosningarnar 2013. Þær að finna í skýrslum landskjörstjórnar á vefsíðu hennar <http://www.landskjoir.is/kosningamal/althingiskosningar-/althingiskosningar-2013> í skýrslum einstakra yfirkjörstjórna.

5. mynd: Hlutfall persónulegra atkvæða aðal- eða varaþingmanna þar sem þeir voru strikaðir út eða færðir niður fyrir röðunartölu. Hlutfallið miðast við heildartölu atkvæða þessara lista í hverju kjördæmi.



6. mynd: Hlutfall persónulegra atkvæða aðal- eða varaþingmanna þar sem þeir voru strikaðir út eða færðir niður fyrir röðunartölu. Hlutfallið miðast við heildartölu atkvæða hvers þingflokks á landinu öllu.

